



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps

Fundur nr.157 Málsnr 1801006 var haldinn á Kirkjubæjarstofu, fimmtdaginn 9.júlí 2020 klukkan 15:00.

Mætt eru: Jón Hrafn Karlsson formaður, Bjarki Guðnason, Ragnar Smári Rúnarsson (varaþáður Rúnars Þorra Guðnasonar sem boðaði forföll), Kristbjörg Hilmarsdóttir og Bergur Kr Guðnason (varaþáður Gústafs B Pálsson sem boðaði forföll). Jafnframt situr fundinn Ólafur Elvar Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Viðbót við dagskrá:

- Liður 12: 2007013 – Norðurhjáleiga, ósk um stofnun lóðar
Liður 13: 2007014 – Iðjuvellir 3 og 5A, ósk um breytta landnotkun
Liður 14: 2007015 – Hæðargarður H8, stækkuun lóðar
Liður 15: 2007016 – Hörgslandskot 2, ósk um stofnun lóðar

„Skipulagsnefnd samþykkir viðbót við dagskrá“

1. 1810003 – Hátún, skipulags- og matslysing til auglýsingar.

Fyrir fundi liggur skipulags- og matslysing sem hefur verið uppfærð og tekur mið af umsögnum frá Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun auk athugasemda frá skipulagsnefnd Skaftárhrepps.

Lýsingin var auglýst á tímabilinu 2.apríl til og með 23.apríl 2020.

Fram komu athugasemdir frá íbúum við Selhólaveg auk umsagnar Skipulagsstofnunar. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu málsins á síðasta fundi. Vísaði málínu til umsagnar umhverfis- og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps.

Fyrir liggur umsögn umhverfis- og náttúruverndanefndar Skaftárhrepps.

„Skipulagsnefnd hefur farið yfir umsagnir frá Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps sem og athugasemdir frá íbúum við Selhólaveg. Nefndin vill að í skipulaginu verði Landbrotshólum raskað sem minnst. Skipulagsfulltrúa falið að vinna áfram að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps samhliða deiliskipulagsgerð umsækjanda“.

2. 1908007 - Hrifunes, skipulags- og matslysing til auglýsingar.

Fyrir fundi liggur skipulags- og matslysing sem hefur verið uppfærð og tekur mið af umsögnum frá slökkviliði Skaftárhrepps, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógræktinni, Vegagerðinni og Veðurstofu Íslands.

Lýsingin var auglýst á tímabilinu 2.apríl til og með 23.apríl 2020.

KH
BNC

Engar athugasemdir bárust en fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu málsins á síðasta fundi. Vísaði málínú til umsagnar umhverfis- og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps. Fyrir liggur umsögn umhverfis- og náttúruverndanefndar Skaftárhrepps.

Skipulagsnefnd hefur farið yfir umsagnir frá slökkviliði Skaftárhrepps, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógræktinni, Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun og umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps. Skipulagsnefnd tekur undir mikilvægi þess að hugað verði að brunavörnum á svæðinu frá byrjun og tekið tillit til Brunavarnaráætlunar Skaftárhrepps varðandi skipulag og uppbrygging og að skipulagið miði að því að raska birkiskóginum sem allra minnst. Skipulagsfulltrúa falið að vinna áfram að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps samhliða deiliskipulagsgerð umsækjanda.“

- 3. 2007009 – Mýrdalshreppur – Óskað umsagnar vegna lýsingar ASK 2019-2031.**
Óskað umsagnar vegna skipulags- og matslysingar fyrir endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps 2019-2031

“Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslysingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Mýrdalshrepps 2019-2031.”

- 4. 1908006 Tunga – Dsk breyting lögð fram til afgreiðslu**
Deiliskipulagsbreytingin var auglýst 15.janúar -5.mars 2020. Frammi liggja umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni. Uppdráttur verið uppfærður í samræmi við umsagnir.

„Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagsbreytinguna og felur skipulags- og byggingarfulltrúa ljúka málínú.“

- 5. 2007004 - Botnar – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163310**
Bjarni Jón Finnsson kt. 070957-5909 óskar eftir að stofna nýja lóð út úr Botnum L163310 skv. meðf. gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

- 6. 2007005 - Hæðargarður – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163379**
Magnús Þorfinnsson kt. 191237-2509 óskar eftir að stofna nýja lóð, H6, út úr Hæðargarði L163379 skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

- 7. 2007006 – Eystra Hraun – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163330**

KH JMK
BNC

Valmundur Guðmundsson fh. Eystra Hrauns ehf. kt. 640397-2179 óskar eftir að stofna nýja lóð út úr Eystra Hrauni L163330 skv. meðf. gögnum

,, Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um staðfestingu Vegagerðarinnar á aðkomu frá Meðallandsvegi “

8. 2007007 – Kirkjubær 2 – Framlenging stöðuleyfis.

Benedikt Lárusson fh. Tröllhamars ehf. kt. 450505-1430 sækir um framlengingu á stöðuleyfi fyrir afgreiðslu-hús á tjaldsvæðinu að Kirkjubæ 2.

,, Skipulagsnefnd hafnar erindinu. Umsækjanda er hins vegar bent á að sækja um byggingarleyfi fyrir umræddu húsi hjá embætti byggingarfulltrúa. “

9. 2007008 – Kirkjubær 1A – ósk um staðfestingu á byggingaráformum.

Benedikt Lárusson kt. 190261-2989 óskar eftir staðfestingu skipulagsnefndar á fyrirhuguðum byggingaráformum skv. meðf. gögnum.

,, Skipulagsnefnd tekur jákvætt í byggingaráform á lóðinni. Umsækjandi leggi fram deiliskipulag sem tilgreini byggingarmagn, lögun bygginga og staðsetningu fyrihugaðra mannvirkja á lóðinni áður en skipulagsnefnd getur fyllt frekar um málið. “

10. 1903004 – Hæðargarður, deiliskipulag þjónustumiðstöðvar.

Deiliskipulag fyrir þjónustulóð að Hæðargarði var auglýst frá og með fimmtudeginum 2.apríl til og með 14.maí 2020.

Borist hafa athugasemdir frá nokkrum frístundahúsa eigendum við Hæðargarðsvatn auk umsagnar Umhverfisstofnunar.

Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu erindisins á síðasta fundi þar sem hvorki höfðu borist umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands né Vegagerðinni. Nú ligga þessar umsagnir fyrir.

,, Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leita leiða til lausna varðandi vegtenginar að og frá lóðinni í samvinnu við umsækjendur og Vegagerðina.. “

11. 1901004 – Þéttung byggðar – Staða mála kynnt.

KH og ÓEJ víkja af fundi.

12. 2007013 - Norðurhjáleiga – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163414

Ragnheiður G Júlíusdóttir fh. Norðuhjáleigufélagsins kt. 421019-0100 óskar eftir að stofna nýja lóð, í kringum gamla bæinn, út úr Norðurhjáleigu L163414 skv. meðf. gögnum

,, Skipulagsnefnd samþykkir erindið “

KH
JAC
BNC

KH og ÓEJ koma aftur til fundar.

13. 2007014 - Iðjuvellir 3 og 5A – ósk um breytta landnotkun

Pálmar Harðarson fh. Glass Iglo ehf. kt. 610617-1230 óskar eftir að breyta lóðunum Iðjuvellir 3 og 5A úr iðnaðarlóðum í viðskipta- og þónustulóðir með möguleika á gistingu. skv. meðf. gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir breytingu á landnotkun. Óskað eftir að deiliskipulag verði lagt fram til umfjöllunar.“

14. 2007015 - Hæðargarður H8 – stækkuun lóðar

Á 150.fundi skipulagsnefndar þá óskaði Magnús Þorfinnsson kt. 191238-2509 eftir því að lóð H8 verði stækkuð skv. meðfylgjandi uppdrætti.

Fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar hvort breyta þurfi aðalskipulagi fyrir þessa óverulegu deiliskipulagsbreytingu.

„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að grenndarkynna deiliskipulagsbreytinguna nærliggjandi lóðarhöfum.“

15. 2007016 - Hörgslandskot 2 – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L220773

Ragnar Johansen fh. Ferðaþjónusta og sumarhús ehf. 711001-2630 óskar eftir að stofna nýja lóð út úr Hörgslandskoti 2 L220773 skv. meðf. gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um staðfestingu Vegagerðarinnar á aðkomu frá hjóðvegi 1“

16. Önnur mál

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.27

*Kristján Hilmarssón
Bjarni V. Guðnason
Jón Þorsteinn Kádison*